

Mál nr. 69/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna umönnunartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið undanþáguákvæðis váttryggingarskilmála vegna tjóns 4.2.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 21.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 12.4.2017, ásamt viðbótargögnum.

Tölvupóstur málskotsaðila, dags. 18.4.2017

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að sonur M fékk heilablæðingu 4. febrúar 2016 og þurfti að vera á sjúkrahúsi til 11. mars sama ár, til endurhæfingar fram í júlí og þurfti auk þess að gagnast undir aðgerð í ágústmánuði. Í læknisvottorði dags. 2. desember 2016 kemur fram að heilablæðingin hafi komið frá æðaflækju í heila og sé það yfirleitt meðfætt ástand.

M gerir kröfu um greiðslu bóta úr svokallaðri umönnunartryggingu sem hann nýtur í fjölskyldutryggingu V. Nánar tiltekið er kveðið á um þá tryggingu í V. kafla váttryggingarskilmála. M telur að gildissvið tryggingarinnar taki til umönnunar sonar hans þar sem ekki sé ljóst hvort sjúkdómur hans hafi verið meðfæddur og ekki liggi fyrir að æðaflækja hafi verið til staðar við fæðingu sonarins. M telur því að V geti ekki borið fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum um að það greiðist ekki bætur vegna sjúkdóma sem eru til staðar við fæðingu eða greinast á fyrstu þremur mánuðum eftir það.

V vísar til gr. 2.2 í V. kafla váttryggingarskilmála, þar sem segir að félagið greiði ekki bætur: „Vegna sjúkdóma sem eru fyrir hendi við fæðingu eða greinast innan þriggja mánaða frá fæðingu.“ V telur ljóst af gögnum málsins, sérstaklega þeim læknisfræðilegu gögnum og vottorðum sem liggja fyrir, að æðaflækja sé venjulega meðfætt ástand en geti líka verið vegna heilaáverka eða heilaæxlis. Ekkert hafi komið fram um áverka eða æxli í gögnum um son M og því verði að leggja til grundvallar að um meðfæddan sjúkdóm hafi verið að ræða og greiðist því ekki bætur, sbr. áðurnefnd gr. 2.2.

Álit.

Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur skýrt fram að sonur M hafi fengið heilablæðingu og það ástand hafi leitt til sjúkrahúsvistar hans. Þegar metið er hvort gildissvið gr. 2.2. í V. kafla váttryggingarskilmála V eigi við verður ekki hjá því litið að æðaflækja í heila, sem V telur yfirgnæfandi líkur á að hafi verið meðfædd hjá syni M, er ekki sjálfur sjúkdómurinn sem leiddi til sjúkrahúsvistar hans, heldur var það heilablæðing. Verður undanþáguákvæði váttryggingarskilmála, eins og er í fyrrnefndri gr. 2.2, ekki túlkað með það viðtækum hætti að um hafi verið að ræða einn og sama sjúkdóm þó annar hafi mögulega aukið líkur á hinum. Telst M því eiga rétt á bótum úr umönnunartryggingu barna hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr umönnunartryggingu barna í fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.